

Nd.

952. Breytingartillögur

[341. mál]

við frv. til l. um Íslenska málnefnd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. 5. tl. falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérstakur forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álitis Íslenskrar málnefndar um umsækjendur áður en embættið er veitt.
Að fengnum tillögum málnefndar skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Starfsemi Íslenskrar málnefndar er kostuð af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.
Aðrar tekjur málnefndar eru:
 - a) styrkir til einstakra verkefna,
 - b) greiðslur fyrir aðstoð eða verk sem unnin eru á vegum málnefndar,
 - c) tekjur af útgáfu rita,
 - d) gjafir.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð, heimspekideild Háskólans og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert en tveir eru skipaðir án tilnefningar.
Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.